

28.2.2019

Umsögn mannréttindaskrifstofu R19010063

Drög að svari við erindi frá betri Reykjavík **um frístundastyrk fyrir öryrkja:**

Mikilvægt er að tryggja að allir borgarbúar geti verið í einhverskonar virkni. Fatlað fólk og öryrkjar eru þeir hópar sem ætla má að séu einna síst í einhverskonar virkni yfir daginn og kemur fram í könnun félagsvísindastofnunar, fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga, frá árinu 2013 (<https://www.obi.is/media/utgafa/Fatlad-folk-og-oryrkjar-sem-ibuar-sveitarfelaga.pdf>) að hátt í helmingur þeirra sem svöruðu rannsókninni eru hvorki í námi eða vinnu.

Því telur mannréttinda- og lýðræðisráð að mikilvægt sé að tryggja með einhverjum hætti virkni hópsins sem kann að hafa fjölbreyttar þarfir fyrir tómstundapátttöku.

Mannréttinda- og lýðræðisráð hefur ekki valdheimildir til að taka ákvörðun um að veita frístundastyrk til öryrkja og vísar því erindinu til meðferðar velferðasviðs.